

~~Samtök~~ 1989

Lög Samtaka um kvennalista.

1.gr.

Heiti Samtakanna er Samtök um kvennalista. Hér eftir nefnd Kvennalistinn. Lögheimili og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Markmið Kvennalistans er að:

- a) auka áhrif kvenna í samfélaginu,
- b) vekja umræðu um stöðu kvenna,
- c) beita sér fyrir bættum kjörum kvenna,
- d) stuðla að því að vaskuforði og reynsla kvenna verði nýtt í þágu betra samfélags,
- e) konur, karlar og börn njóti sambærilegra réttinda, þar sem menning beggja kynja fái að njóta sín og kynferði hindrar engan í að sinna þeim störfum sem hugur stendur til.

3. gr.

Markmiðum þessum hyggst Kvennalistinn ná m.a. með því að bjóða fram til Alþingis og sveitastjórna.

4. gr.

Kvennalistinn er opinn öllum sem styðja markmið hans, enda greiði þeir félagsgjöld. Allir fundir eru félögum opnir, nema félagsfundir viðkomandi anga ákveði annað.

5. gr.

Innan Kvennalistans starfa angar. Lögheimili og varnarþing þeirra eru kjördæmin. Séu fleiri en eitt lögsagnarumdæmi innan hvers kjördæmis ákveði hver angi heimili og varnarþing. Í stórum kjördæmum getur angi starfað í minni einingum. Innan Kvennalistans koma þessar einingar fram sem einn angi.

6. gr.

Kvennalistinn skal hafa framkvæmdaráð, skipað konum úr sem flestum öngum.

7. gr.

Innan Kvennalistans skal starfa þingráð og ~~þéjar- eða borgarmálaráð~~ á þeim stöðum þar sem Kvennalistinn á fulltrúa í sveitarstjórn. Skulu þessi ráð leitast við að hafa sem mest samstarf sín á milli.

8.gr.

Endanleg ákvörðun í málefnum Kvennalistans er í höndum landsfundar og anganna í höndum félagsfunda. Á milli landsfunda skal hún vera í höndum framkvæmdaráðs. Í mikilvægum málum sem varðar Kvennalistann í heild sinni skal framkvæmdaráð boða til samráðsfundar anganna sem fari þá með ákvörðunarvaldið. Þingráð, ~~þéjar- eða borgarmálaráð~~ taka ákvörðun í þeim málum sem undir þau heyra en þó innan þess ramma sem starfsreglur kveða á um.

9.gr.

Framkvæmdanefnd skal starfa innan hvers anga.

10. gr.
Samráðsfund anganna skal halda þegar þurfa þykir. *minnst tvisser ári.*

11. gr.
Félagsfundur hvers anga kjósi tvær konur í landsfundarnefnd eigi síðar en þrem mánuðum fyrir landsfund. Landsfundarnefnd skal undirbúa og ákveða dagskrá landsfundar í samráði við framkvæmdaráð Kvinnalistsans.

12. gr.
Landsfund skal halda fyrir 15. nóvember ár hvert. Einnig skal halda landsfund sé þess óskað af 1/3 hluta félaga.

13. gr.
Reikningsár skal vera frá 1. október til 30. september. Endurskoðaðir reikningar Kvinnalistsans skulu lagðir fyrir landsfund til samþykktar.

14. gr.
Landsfundur skal kjósa tvo endurskoðendur reikninga Kvinnalistsans sem starfa fram að næsta landsfundi.

15. gr.
Í atkvæðagreiðslu á landsfundi, sem og á öðrum fundum Kvinnalistsans, ræður einfaldur meirihluti fundarmanna.

16. gr.
Til þess að breyta lögum þessum þarf 2/3 hluta atkvæða á landsfundi.

~~17. gr.
Lög þessi skulu endurskoðuð að ári.~~